

2. fundur bæjarstjórnar unga fólksins
haldinn í fundarsal á 3. hæð, miðvikudaginn 7. maí 2025
og hófst hann kl. 17:00

Fundinn sátu:

Heiðrún Edda Pálsdóttir, Hera Guðrún Ragnarsdóttir, Vignir Steinn Pálsson, Viktoría Sif Þráinsdóttir Norðdahl, Katrín Mjöll Magnúsdóttir, Bæring Núi Dagsson, Bryn Thorlacius og Gyða Steinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Heiðrún Edda Pálsdóttir, formaður

Dagskrá:

1. Skólamál - 2405008

Fulltrúar bæjarstjórnar unga fólksins taka mótuneytismál í Fjölbautaskóla Snæfellinga til umræðu.

Bæjarstjórn unga fólksins telur að matarverð í mótuneyti Fjölbautaskóla Snæfellinga sé of hátt og að maturinn skorti fjölbreytileika. Bæjarstjórn unga fólksins hvetur bæjarstjórn til þess að beita sér fyrir lækkun á verði máltíða til nemenda í Fjölbautaskóla Snæfellinga og auknum fjölbreytileika í matarvali.

2. Samgöngumál - 2505001

Fulltrúar bæjarstjórnar unga fólksins taka samgöngumál til umræðu.

Bæjarstjórn unga fólksins hvetur bæjarstjórn Stykkishólms til að beita sér fyrir því að ferðum í skólaakstri Fjölbautarskóla Snæfellinga verði fjölgað, m.a. til að auka valmöguleika nemenda til þess að komast heim, og að verð rútumiða verði lækkað.

3. Knattspyrnuvellir - 2505002

Fulltrúar bæjarstjórnar unga fólksins taka ástand og stöðu knattspyrnuvalla til umræðu.

Bæjarstjórn unga fólksins leggur til að nýtt gervigras verði sett á sparkvöllinn og að hafinn verði undirbúningur að lagningu tartans á hlaupabraut á íþróttavelli, en tartan mun koma til með að auka nýtingu allra bæjarbúa til heilsuefningar.

4. Gangstéttir - 2505003

Fulltrúar bæjarstjórnar unga fólksins taka gangstéttamál í sveitarfélaginu til umræðu.

Bæjarstjórn unga fólksins vekur athygli á að gangstéttar í sveitarfélaginu geta skapað víða hættu og torvelðað eldra fólki og fötludum einstaklingum að nýta gangstéttar í sveitarfélaginu. Bæjarstjórn unga fólksins telur brýnt, sérstaklega í því ljósi, að flýta endurnýjun gangstétta í sveitarfélaginu.

5. Ástand gatnakerfis - 2505004

Fulltrúar bæjarstjórnar unga fólksins taka ástand gatnakerfis í sveitarfélaginu til umræðu.

Bæjarstjórn unga fólksins hvetur bæjarstjórn til þess að herða á uppbyggingu á þeim götum sveitarfélagsins sem eru holóttar og að þrýst verði á Vegagerðina að malbika Aðalgötu frá Bónus og út úr bænum sem fyrst.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00

Heiðrún Edda Pálsdóttir

Hera Guðrún Ragnarsdóttir

Vignir Steinn Pálsson

Viktoría Sif Þráinsdóttir Norðdahl

Katrín Mjöll Magnúsdóttir

Bæring Núi Dagsson

Bryn Thorlacius

Gyða Steinsdóttir